

**AUGLÝSING**

um breyting á reglugerð fyrir menntaskóla nr. 175 27. september 1951.

**1. gr.**

Ákvæði 41. gr. reglugerðar fyrir menntaskóla, nr. 175, 27. september 1951, eru úr gildi numin.

**2. gr.**

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 12. maí 1967.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 99.

19. júní 1967.

**AUGLÝSING**

um umferð í Búðardalskaupúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Laxárdalshrepps hefur verið ákveðið með heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, að umferð um götur, sem liggja að þjóðveginum í Búðardal skuli víkja fyrir umferð um þjóðveginn. Verða sett biðskyldu-merki á gatnamótin.

*Skrifstofu Dalasýslu, 19. júní 1967.*

**Yngvi Ólafsson.**

Nr. 100.

28. júní 1967.

**AUGLÝSING**

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur hefur hámarksökuhraði verið hækkaður úr 35 km í 45 km, miðað við klst. á eftirtöldum götum:

Ánanausti, Borgartúni, Grensásvegi, Háaleitisbraut, Hofsvallagötu, Kleppsvegi, Kringlumýrarbraut, Lönguhlíð, Laugarásvegi, Laugavegi austan Nóatúns, Reykjavegi, Snorrabraut, Sóleyjargötu, Suðurgötu sunnan Hringbrautar og Sætúni.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. júní 1967.*

**Sigurjón Sigurðsson.**